

NORA styrkir samstarf á Norður-Atlantssvæðinu

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) hefur að markmiði að styrkja samstarf á Norður-Atlantssvæðinu og þannig skapa sterkt norrænt svæði sem einkennist af öflugri sjálfbærri efnahagsþróun.

Ein af leiðunum að þessu markmiði er veiting styrkja tvisvar á ári til samstarfsverkefna með þátttöku að lágmarki tveggja af fjórum aðildarlöndum (Grænlandi, Íslandi, Færeyjum og sjávarbyggðum Noregs). Nú óskar NORA eftir verkefnahugmyndum með umsóknarfrest þann 3. október 2011.

Í aðgerðaáætlun NORA fyrir árið 2011 er sjónum sérstaklega beint að fámennum samfélögum á starfsvæðinu. Þess vegna vill NORA gjarnan fá umsóknir vegna verkefna sem miða að framleiðslu eða starfsemi í fámennum byggðum.

Þess utan geta umsóknir heyrt undir fjögur megináherslusvið NORA, sem eru:

Auðlindir sjávar

Verkefni þar sem unnið er út frá sjálfbærni og nýsköpun að bættri nýtingu afurða, líftækni, sem og framleiðslu aukaafurða og sjávarafurða.

Ferðapjónusta

Áhersla á verkefni sem bjóða upp á nýja þjónustu á sjálfbæran hátt, t.d. menningar- og náttúrutengd ferðapjónusta.

Upplýsinga- og samskiptatækni

Verkefni þar sem þróun upplýsingatækni er markmiðið.

Samgöngur og flutningar

Áhersla á verkefni sem bæta flutninga og samgöngur á svæðinu og verkefni þar sem bæta á öryggi og viðbúnað á hafinu.

Undir heitið „Annað svæðasamstarf“ heyra verkefni sem ekki falla að áður nefndum flokkum, en geta engu að síður fallið að markmiðum NORA. Til dæmis verkefni í landbúnaði, orkugeira eða verkefni þar sem fengist er við önnur sameiginleg úrlausnarefni á svæðinu.

NORA veitir styrki að hámarki 500.000 danskar krónur á ári og að hámarki í þrjú ár. Lágmarksskilyrði er að þátttaka sé frá að tveimur NORA-löndum, en það er eftirsóknarvert að löndin séu fleiri. Þá hefur NORA á undanföllum árum lagt áherslu á samstarf við nágranna til vesturs og þar af leiðandi er jákvætt að verkefnaþátttaka sé frá Kanada eða skosku eyjunum.

Umsóknarfrestur er mánudagurinn 3. október 2011.

Útfylla skal umsóknareyðublað sem sækja má á heimasíðu NORA, www.nora.fo og þar er einnig að finna leiðbeiningar undir valtakkanum „Guide til projektstøtte“. Þá er umsækjendum velkomnið að leita til skrifstofu NORA í Færeyjum, eða til landskrifstofa í viðkomandi löndum um nánari upplýsingar og ráðgjöf. Tengiliður á Íslandi er: Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun, s. 455 5400 og netfang sigga@byggdastofnun.is

Sendu á umsóknina rafrænt (á word-formi) til NORA og sómuleiðis útprentaða og undirritaða umsókn með pósti. Fylgigögn, eins og verklýsing og annað ítarefni, sendist rafrænt (á word, excel eða pdf-formi).

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er svæðastarf á vegum nefndar sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina. Til NORA heyra Færeyjar, Grænland, Ísland og strandsvæði Noregs. Norræna ráðherranefndin fjármagnar starfseminna ásamt fjárframlagi þátttökulandanna.